

## Samantekt

Eftirlitsmaður Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir, framkvæmdi eftirfylgni eftirlit þann 19. maí 2026, vegna frávika sem skráð voru í eftirlitsskýrslu nr. 1795, dags. 16. október. Málið á rætur sínar að rekja til atviks er varðar strok á eldissvæðinu Haganesi í Arnarfirði þann 17. júní 2025.

Í eftirlitsskýrslu 1795 var alvarlegt frávik vegna þjálfunar starfsmanna, sannprófunar og frávik vegna verklagsreglur og atvikaskráningar.

Matvælastofnun kallaði eftir gögnum þann 23. febrúar 2026, m.a. þjálfunarskrá starfsmanna sem voru við vinnu þann 14. júlí 2025, sannprófun verklagsreglur og atvikskráningu. Af þeim gögnum var ljóst að úrbótum var ekki lokið.

Matvælastofnun boðaði dagsektir þann 15. apríl vegna skorts á úrbótum. Eftirlitsþegi sendi þá inn ný gögn sem voru yfirfarin af Matvælastofnun og reyndust ófullnægjandi til að loka báðum frávikunum. Alvarlegt frávik vegna þjálfunar hafði ekki verið lagfært. Þann 13. maí voru lagðar á dagsektir á eftirlitsþega vegna skorts á úrbótum. Eftirlitsþegi sendi Matvælastofnun ný gögn þann 19. maí sem sýndu fram á að úrbótum var lokið að fullu. Þar sem úrbótum var lokið innan fimm virkra daga frá álagningu dagsekta voru þær felldar niður.

Eins og fram hefur komið liggja fyrir gögn sem sýna fram á að þjálfun allra starfsmanna er lokið sem og úrbótum á sannprófun. Öllum frávikum hefur því verið lokað.

Engar athugasemdir gerðar.

**Viðstödd heimsókn** Arnarlax hf.  
**Kennitala viðtakenda** 580310-0600  
**Skoðunarmaður** Jónína Guðmundsdóttir  
**Tölvupóstur** mast@mast.is

**Undirbúningur** 0 klst.  
**Frágangur** 1 klst.  
**Tímar við úttekt** 1 klst. og 30 mín.  
**Akstur** 0 klst.

# Niðurlag

Þann 19/05/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 19/05/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 0 skoðunaratriði, þar af 0 alvarleg frávik og 0 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Rannsókn á stroki: 3 af 13 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af var 0 frávik og 0 alvarlegt frávik.

Nánari útlitun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

## [Lagagrunnur eftirlits](#)

### Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

#### Rannsókn á stroki

- Gæðahandbók
- Rekstrarleyfi
- Eftirlit og viðgerðir á netpokum
- Innra eftirlit
- Nýliðunarþjálfun starfsmanna
- Viðbragðsáætlanir
- Dagbókarfærslur
- Atvikaskráning
- Verklagi rekstraraðila fylgt
- Verklagsreglur
- Eldisbúnaður
- Þjálfunarskrá starfsmanna
- Annað

#### Rannsókn á stroki

- Rekstrarleyfi
- Þjálfunarskrá starfsmanna
- Annað

### Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

Rannsókn á stroki - Dagbókarfærslur

Rannsókn á stroki - Eldisbúnaður

Rannsókn á stroki - Eftirlit og viðgerðir á netpokum

Rannsókn á stroki - Verklagsreglur

Rannsókn á stroki - Viðbragðsáætlanir

Rannsókn á stroki - Gæðahandbók

Rannsókn á stroki - Nýliðunarþjálfun starfsmanna

Rannsókn á stroki - Innra eftirlit

Rannsókn á stroki - Atvikaskráning

Rannsókn á stroki - Verklagi rekstraraðila fylgt